

Erindisbréf

102
12. ágúst

fyrir yfirfiskimatsmenn.

1. gr.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu kynna sér sem bezt hvernig saltfiskur eigi að vera, að verkun, útliti og stærð, svo að hann verði talinn fyrsta flokks vara á þeim stöðum þar sem helztur markaður er fyrir hann, einkum á Spáni og Ítalíu, og hvernig fara á með fiskinn og verka hann, svo að hann verði talinn fyrsta flokks vara.

Þeir skulu einnig kynna sér þær breytingar sem verða á kröfum þeim, er útlendir kaupendur eða umboðsmenn þeirra hér á landi gera til fiskjarins á hverjum tíma og haga mati sínu samkvæmt óskum þeirra, að svo miklu leyti, sem unt er.

Sömuleiðis skulu þeir kynna sér sem bezt, hvernig fiskinum skal koma fyrir og búa um hann í skipum þeim, sem hann er fluttur út á, svo að hann skemmist ekki við flutninginn.

2. gr.

Þeir hafa einir á hendi yfirmat á öllum fiski, sem út er fluttur, hver í sínu undæmi. Um fyrirkomulag matsins og framkvæmd á því eru settar eftirfarandi reglur.

3. gr.

Þeir hafa fiskimatsmenn sér til aðstoðar við skoðun og mat saltfisksins og við umsjónina við vigt hans og útskipun. Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, á hverjum stöðum í undæmi þeirra þurfi að skipa fiskimatsmenn, hve marga og hverja ætti að skipa. Fiskimatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá.

4. gr.

Þeir eru skyldir, þegar einhver, er ætlar að flytja út saltfisk óskar þess, að vera til taks til að meta fisk. Ef fleiri óska að metið sé hjá sér samtímis, skulu yfirfiskimatsmenn leitast við að koma því svo fyrir, að metið verði fyrir fleiri í einu.

Þeir skulu haga vinnunni við fiskimatið svo, að tveir fiskimatsmenn skoði fiskinn og geti vottað um allan farminn eins og tíðkast hefir að undanfögnu.

102

12. ágúst

5. gr.

Þeir skulu segja fiskimatsmönnum fyrir um starfið við fiskimatið, leiðbeina þeim og yfir höfuð kosta kapps um, að þeir verði sem færastir til að dæma saltfisk. Þeir skulu, að svo miklu leyti sem þeir geta, líta eftir þeim við vinnuna.

6. gr.

Þeir skulu gæta þess, að saltfiskur sé ávalt skoðaður, metinn og veginn í geymsluhúsi, þar sem er nægilega bjart; fiskinn má ekki meta nema við dagsbirtu.

7. gr.

Þeir skulu gæta þess, að fiskinum sé ekki skipað út, nema í vel þurru veðri og skera þeir úr því, hvort veður og sjór sé svo gott, að skipa megi fiskinum út.

8. gr.

Þeir skulu gæta þess, að bátar þeir, sem notaðir eru til útskipunar fiskjarins, séu með öllu lekalausir og vel hreinir. Einnig skulu þeir gæta þess, að nægilega margar heilar og hreinar ábreiður eða segl fylgi bátunum til þess að breiða undir og yfir fiskinn í þeim.

9. gr.

Þeir skulu sjá um að farrúm skipsins, þar sem fiskurinn á að flytjast út í, sé þurt og hreint, að það sé nægilega klætt borðum, heilum og hreinum mottum eða striga, svo og að nægilegt bil sé á gufuskipum milli fiskjarins og vélarinnar, svo að hann geti eigi skemst af hita frá henni. Þegar saltfiskurinn er fluttur út í böggum, þá skulu þeir gæta þess, að umbúðirnar séu fullnægjandi.

10. gr.

Ef fiskinum er ekki skipað út jafnóðum og hann hefir verið metinn, skal yfirfiskimatsmaður hafa eftirlit með því, að fiskurinn sé svo geymdur frá því er mat fór fram, þar til er honum er útskipað, að hann skemmist ekki. Þyki yfirfiskimatsmanni ástæða til að ætla, að fiskur hafi skemst frá því er mat fór fram, er honum heimilt að skipa svo fyrir, að hann skuli metinn á ný fyrir útskipun.

11. gr.

Þeir skulu gæta þess að fiskurinn skemmist ekki að neinu leyti við útskipunina og skulu segja fyrir um hvernig henni skal hagað.

Þeir skulu því hafa gætur á því, að fiskurinn skemmist ekki, þegar hann er borinn niður í útskipunarbátana og þeir séu ekki um of hlaðnir og breitt sé yfir fiskinn í þeim, svo að sjór slettist ekki á hann og eiga þeir annaðhvort sjálfir að hafa eða láta fiskimatsmenn fyrir sína hönd hafa eftirlit með því í landi.

Þeir eiga enn fremur að hafa gætur á því, að fiskurinn verði eigi skemdur, þegar hann er tekinn upp úr bátunum og látinn niður í lestina á útflutnings-

skipinu og að honum sé vel fyrirkomid í lestinni svo að hann haggist eigi né skemmist og eiga þeir að hafa annaðhvort sjálfir eða láta fiskimatsmann fyrir sína hönd hafa eftirlit með því um borð. **102** 12. ágúst

Ef skipunum yfirfiskimatsmanns eða fiskimatsmanns fyrir hans hönd er ekki hlýtt, skal yfirfiskimatsmaður neita að gefa út fiskimatsvottorð um fiskinn.

12. gr.

Þegar fiskur hefir verið metinn og veginn og fluttur út í skipið gefur yfirfiskimatsmaður út fiskimatsvottorð um farminn og hefir hann að viðlagðri hegningu að lögum ábyrgð á því, að vottorðið sé rétt og satt.

Hann skal gæta þess og fullvissa sig um, að fiskurinn, sem hann hefir metið, sé islenzk vara, en saltfiskur, sem verkaður er hér á landi telst islenzk vara.

Fiskimatsvottorðin skal yfirfiskimatsmaður rita á þar til gerð eyðublöð; skal hann áður en hann afhendir hlutaðeigendum vottorðin fá áritun lögreglustjóra á þau um, að hann sé löggiltur yfirfiskimatsmaður.

13. gr.

Yfirfiskimatsmaður gætir þess, að reikningar fiskimatsmanna fyrir vinnu að fiskimati undir stjórn hans séu réttir og samkvæmir töxtum þeim, sem ákveðin eru í erindisbréfinu fyrir þá, og skrifar hann upp á reikningana áður en þeir eru útborgaðir af þeim, sem metið hefir verið fyrir.

14. gr.

Yfirfiskimatsmennirnir eru launaðir úr landssjóði samkvæmt lögum um fiskimat 9. júlí 1909. Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum eða öðrum, sem við skip það eru riðnir, sem fiskurinn er fluttur út á, annari en borgun þeirri sem ákveðin er í framangreindum lögum og erindisbréfi þessu.

15. gr.

Yfirfiskimatsmaður er skyldur til að meta saltfisk á hverjum þeim stað, í umdæmi hans sem þess er óskað. Til aðstoðar við fiskimatið skipar hann einhverja af hinum löggiltu fiskimatsmönnum í umdæmi sínu, þá er honum sýnist.

Hann getur og gefið einhverjum af fiskimatsmönnunum í umdæmi sínu, er hann treystir bezt, umboð til að sjá um yfirfiskimatsstörf í sinn stað, ef hann vegna annrakis við fiskimatsstörf eða annara forfalla getur ekki séð um það sjálfur. Fiskimatsmaður fær þá, auk hinnar venjulegu borgunar fyrir vinnuna við fiskimatið, fæðispeninga, ferðakostnað og borgun fyrir ferða- og dvalardaga, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í erindisbréfinu fyrir fiskimatsmenn og skrifar yfirfiskimatsmaður upp á reikninga þeirra, en lögreglustjóri úrskurðar þá, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem þeir eru búsettir í, til þess að meta saltfisk til útflutnings, skulu útflytj-

102 12. ágúst endur greiða þeim í fæðispeninga 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir nauðsynlega þurfa að vera að heiman í þeim erindum, og ferðakostnað, hvorttveggja eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman. Nú er í sömu ferðinni metinn fiskur fyrir fleiri en einn útflytjanda og skal þá jafna þessum kostnaði niður á þá í réttu hlutfalli.

16. gr.

Auk starfa síns við mat á saltfiski til útflutnings skulu yfirmatsmennirnir skyldir til að ferðast um í umdæmum sínum eftir samráði við stjórnarráðið og leiðbeina mönnum í fiskimeðferð og líta eftir henni. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr landssjóði eftir reikningi sem stjórnarráðið úrskurðar. Nú framkvæma þeir jafnframt fiskimat á þessum ferðum og skal þá tiltölulegur hluti ferðakostnaðarins greiddur af þeim, sem metið hefir verið fyrir.

17. gr.

Yfirfiskimatsmaður má ekki vera í þjónustu kaupmanna eða annara, er fisk láta meta til útflutnings.

18. gr.

Nú verða yfirfiskimatsmenn þess visir, að einhver útflytjandi brýtur á móti ákvæðum 1. gr. laga um fiskimat frá 9. júlí 1909, og ber honum þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því.

19. gr.

Yfirfiskimatsmaður ritar undir eiddstaf um, að hann vilji hlýða erindishréfi þessu og með alúð og kostgæfni rækja þær skyldur, sem á honum hvíla í stöðu hans.

Hann verður að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

20. gr.

Hérmeð eru úr gildi feld erindisbréf til bráðabirgða fyrir yfirmatsmann á gæðum fiskfarma í Reykjavík 12. júlí 1904 og erindisbréf til bráðabirgða fyrir yfirfiskimatsmann á gæðum fiskfarma á Ísafirði 14. júlí 1904.

Í stjórnarráði Íslands, 12. ágúst 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.